

Ábyrgð:
Ragnhildur Birna Hauksdóttir
Lilja Kolbrún Steinpórsdóttir

Starfsáætlun leikskólans Álfabergs 2011



Formáli

Nýr leikskóli nýtt upphaf

Leikskólinn Álfaberg er fyrsti leikskólinn sem Hafnarfjarðarbær rekur og var stofnaður í júlí 1972. Hann var staðsettur í litlu notalegu húsi að Álfaskeiði 16 þar sem heimilislegur blær var helsta einkenni skólans. Síðastliðin ár hefur leikskólinn einungis verið með fimm ára börn og skapaðist ákveðin sérhæfing í starfi með þessum aldurshópi á meðal starfsmanna og samheldni og einhugur var ríkjandi í því að vinna faglega með jákvæðni að leiðarljósi. Húsið var þó orðin ákveðin hindrun þar sem það var orðið úr sér gengið og stóðst ekki nútímakröfur um leikskóla.

Nú stendur leikskólinn hinsvegar á tímamótum. Litla húsinu á Álfaskeiðinu hefur verið lokað og það er ekki laust við að það sé hvatt með trega, ekki síst af þeim starfsmanni sem hefur unnið þar frá 1977. Framundan eru þó spennandi tímar, nýr leikskóli er opnaður í hluta húss Engidalsskóla með börnum frá 18 mánaða aldri. Allir starfsmenn sem störfuðu á Álfaskeiðinu flytjast á nýja staðinn, auk að minnsta kosti sex nýrra liðsmanna. Það er því hafið nýtt verkefni með nýjum áherslum, börnum og á nýjum stað.

Fyrsti dagur í nýju húsnæði er 22. september og horfum við á þennan dag sem afmælisdag leikskólans. Þetta er nýtt upphaf og til að undirstika það óskum við meðal annars eftir nafnabreytingu. Allir starfsmenn horfa til þess að byggja upp jákvæðan og faglegan vinnustað þar sem allir eru stöðugt að læra – börn og fullorðnir. Farið er af stað með einkunarorðunum: Það er leikur að læra. Við ætlum að verða betri með hverjum deginum.

Inngangur

Starfsáætlun þessi er unnin samkvæmt fyrirmælum fræðslustjóra og er öllum leikskólum Hafnarfjarðarbæjar skylt að vinna slíka áætlun.

Byrjað er á tilgreina almenn hlutverk leikskólans og sagt frá meginmarkmiðum leikskólans Álfabergs. Þar á eftir er fjallað um þjónustu við hagsmunaaðila, en þeir eru börn og fjölskyldur þeirra. Því næst koma fjárhagsleg markmið leikskólans og þar á eftir kemur kafli um ferli og snýr hann að starfseminni í heild. Að lokum er sagt frá þeim mannauði sem leikskólinn býr yfir og hugmyndir um hvernig megi byggja upp starfsánægju og jákvæða og faglega starfsþróun. Verkefnalisti leikskólans er útfærður á sama hátt og þar eru sett niður verkefni vetrarins og ætlunin er að meta þau að skólaári loknu.

Hlutverk leikskólans er

- að búa börnum hollt og öruggt umhverfi þar sem hver og einn upplifi sig mikilvægan og skapandi einstakling sem finni til vellíðunar dag hvern.
- að skapa börnum umhverfi og aðstæður til lærdóms út frá fjölbreyttum kennsluaðferðum – það er leikur að læra.

Áherslupættir leikskólans

Áhersla er á leik og störf í gegnum áhuga og styrk barnsins og efla með því trú þess á sjálft sig og hámarka um leið getu þess. Hugmyndafræði Howards Gardners verður leiðarljós okkar á þeirri leið og að vera meðvituð um að allir séu góðir í einhverju en enginn í öllu. Framtíðarsýn okkar er að uppeldisfræðilegar skráningar verði notaðar auk þess sem allir starfsmenn læra eitthvað í hverjum mánuði sem styrkir það í vinnubrögðum og hugmyndafræði Gardners. Snillistundir með börnum verða 2-3 í viku þar sem unnið er samkvæmt hugmyndafræðinni.

Stærðfræði og gagnrýnin hugsun verður einnig í brennidepli og þróuð með öllum börnum leikskólans. Miðast þetta við hlutbundna vinnu í gegnum leikinn.

Áhersla verður einnig á skapandi starf og lífsleikni og verða bæði sérstakar stundir fyrir þessa þætti auk þess sem þeir fléttast í gegnum allt leikskólastarfið.

Síðast en ekki síst verður fyrst og fremst áhersla á að mynda jákvætt andrúmsloft, skapandi og lærdómsríkt fyrir börn og fullorðna. Þegar nýr leikskóli tekur til starfa kallar það á mikla samheldni í að sameinast um hugmyndir, miðla þekkingu á milli starfsmanna og læra af hinum. Það er því helsta verkefni hvers og eins að verða skapandi, öruggur og lausnamiðaður í starfi sínu.

Starfsáætlun 2011 skiptist í fjóra þætti

Þjónusta: Velliðan hvers barns - Gott samstarf við foreldra.

Fjármál: Ábyrgð í fjármálum.

Ferli: Gott upplýsingaflæði - skóli sem lærir – flæðifundir - mat á skólastarfi.

Mannauður: Starfsþróun og símenntun - jákvæður starfsmannahópur.

Þjónusta

Velliðan hvers barns

- Hverju barni er mætt þar sem það er stött í þroska og unnið að því að byggja ofan á þá þekkingu sem fyrir er. Það leiðarljós sem unnið er eftir er: *Það er leikur að læra* og leitast skal við að gleði ríki á hverjum degi í leikskólanum.
- Jákvæður agi þar sem lögð er áhersla á hvatningu og hrós. Hvert barn heyrir nafnið sitt í samhengi við hvatningu og jákvæða merkingu daglega.
- Snemmtæk í hlutun og styrking í gegnum styrkleika hvers barns.

Gott samstarf við foreldra

- Foreldrasamstarf er lífsleikni og samvinna felst í því að finna lausnir saman.
- Dagleg samskipti við foreldra og foreldrasamtöl að minnsta kosti tvisvar á ári. Fleiri viðtöl að sjálfsögðu í boði ef þörf er á.

Þverfaglegt samstarf

- Hægt og rólega mótað samstarf við Engidalsskóla.
- Að móta þverfaglegt starf á milli starfsmanna og deilda leikskólans.
- Góð samvinna við Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar.

Fjármál

Aðhald í fjármálum

- Markmiðið er að stjórnendur leikskólans verði vel inni í öllum fjármálum leikskólans og að hann standist fjárhagsáætlun.
- Stjórnendur og kennarar leikskólans eru mjög meðvitaðir um það fjárhagsástand sem nú ríkir í þjóðfélaginu og munu þeir kappkosta að taka þátt í því að leita allra leiða til að spara.

Ferli

Gott upplýsingaflæði

- Gott upplýsingaflæði er grunnur að góðu samstarfi. Vikulega verða flæðisfundir ólíkra hópa starfsmanna til að tryggja gott flæði upplýsinga.
- Heimasíða virk, a.m.k. vikulega færðar inn nýjar upplýsingar og fréttir fyrir foreldra og aðra.
- Að minnsta kosti tvö foreldraviðtöl á ári fyrir hvert barn og fleiri eftir þörfum.
- Gefin út þrjú fréttabréf á ári til upplýsingar fyrir fjölskyldur barna leikskólans.
- Stöðugt unnið að því að gera einkunnarorð leikskólans virk: „Það er leikur að læra“. Gerðir hugmyndabankar í því samhengi tengdri vinnu með börnunum.
- Haldinn einn kynningarfundur fyrir foreldra á ári.

Mat á skólastarfi

- Strax í upphafi þessa nýja leikskóla verður innleitt reglulegt mat á skólastarfinu. Foreldrakannanir verða árlega auk þess sem starfsmenn leggja mat á starfið með reglulegum hætti. Mat er skráð í þar tilgerða möppu um það bil mánaðarlega auk þess sem umræður eru um hvað hefur gengið vel og hvað má betur fara verða á flæðifundum.

Ferli

Skóli sem lærir

- SMT innlögn að minnsta kosti mánaðarlega. Lagt inn á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt til starfsmanna. Þannig verður jákvæður agi í menningunni daglega.
- Aðalnámskrá leikskóla, Skólastefna Hafnarfjarðar og stefna leikskólans munu mynda skólanámskrá sem verður gert að virku og lifandi plaggi í vinnubrögðum, viðhorfum og staðblæ.
- Hugmyndafræði Howard s Gardners innleidd smátt og smátt allan veturinn. Fræðsla, lesefni, hópavinna, umræðuhópar, hugmyndabankar, verkefnavinna og flæðisfundir.
- Hugmyndafræði Lev Vygotsky um „svæði hins mögulega þroska” höfð að leiðarljósi og unnið með allan veturinn. Fræðsla, vinna að hugmyndabönkum, umræðuhópar, hópavinna ,o.fl.
- Herminám á meðal starfsmanna. Með því er átt við að starfsmenn læri með því að nema það sem við sjáum hjá hverjir hjá öðrum. Fylgst er með starfsmönnum sem hafa tileinkað sér sérhæfingu eins og í listum, lífsleikni, Stig af stigi, skapandi starfi með börnum, stærðfræði og fleira.
- Allt fagfólk leikskólans vinnur hugmyndabanka um þroskastig barna og fleira.

Mannauður

Starfsþróun og símenntun

- Áhugi starfsmanna ræður að miklu starfsþróun hvers og eins. Þeir starfsmenn sem hafa byggt upp sérþekkingu miðla því til annarra.
- Hver og einn kemur með óskir um símenntun sem tekið er mið af.
- Unnið er markvisst að því að jákvæð starfsþróun eigi sér líka stað meðal starfsmannahópsins í heild.
- Fagleg sýn og vinnubrögð verða til umfjöllunar á öllum fundum leikskólans auk þess að vera gerð sýnileg í starfsmannahandbók og í umhverfi leikskólans.
- Skóli sem lærir: Kynningar, stuttir fyrirlestrar á vegum starfsfólks, lesefni, umræður og lausnaleit. Starfsmenn verða hvattir til að nýta undirbúningstíma sinn í vettangsheimsóknir til að leita eftir nýrri þekkingu.
- Starfsmannasamtöl eru tvisvar á ári.
- Starfsmannahópurinn vinnur að gerð ýmissa áætlana sem til eiga að vera í leikskólanum sem og að endurgera og aðlaga þær sem til eru fyrir að breyttum aðstæðum. Um er að ræða, áfallaáætlun, fjarvistaráætlun, starfsmannahandbók, skólanámskrá, verkferlar á móttöku nýrra starfsmanna og verkferlar fyrir lausnateymi leikskólans.

Mat á árinu 2010



Þjónusta

Starfsáætlun 2010

- **Þroskandi og styðjandi umhverfi og menning.**
Helsta markmiðið var: Það er leikur að læra.
- **Hvert barn fær þjónustu við hæfi.**
Hverju barni mætt í þroska og getu. Snemmtæk íhlutun.

Mat á árinu 2010

- Stefna sem náði fyllilega að halda sér í fámennu umhverfi með fimm ára börnum. Til að mynda voru stærðfræði og íslenska áhersluþættir sem unnið var með í lotum á skemmtilegan hátt og umhverfið hugsað sem þriðji kennarinn.
- Áherslubreytingar verða nokkuð miklar á komandi ári en umhverfið ennþá hugsað sem þriðji kennarinn. Hver deild gerir þekkingamarkmið sem hæfir þroska og getu barnanna. Áfram verður leiðarljós leikskólans: Það er leikur að læra.
- Hvert barn fékk verkefni við hæfi og gripið strax til samvinnu við foreldra eða aðra sérfræðinga þegar kennurum fannst þörf á.

Þjónusta

Starfsáætlun 2010

- **Foreldrasamstarf:**
Unnið að því að foreldrar beri traust til leikskólans og geti jafnframt haft áhrif á starf hans. Foreldrar hafa ávallt aðgang að kennurum og stjórnendum leikskólans og er mikil áhersla lögð á þennan þátt.

Mat á árinu 2010

- Samstarf við foreldra gekk vonum framar. Leitað var til þeirra í öllum tilfellum þegar verið var að huga að leiðum til að mæta einstaka börnum. Fengu þeir upplýsingar um starfsemi leikskólans og samkvæmt foreldrakönnun báru foreldrar fullt traust til leikskólans.
- Áfram verður stefna leikskólans sú að foreldrar eru sérfræðingar í sinum börnum og leitað til þeirra á fyrstu stigum þegar ýmissa úrræða er leitað fyrir einstaka börn. Gott foreldrasamstarf verður einnig einn af áhersluþáttum leikskólans og unnið að því að þeir bera fullt traust til hans.

Fjármál

Starfsáætlun 2010

- **Að leikskólinn haldi sér innan ramma úthlutaðs fjármagns.**

Mat á árinu 2010

- Erfitt er að meta þennan þátt því leikskólinn flutti á nýjan stað og barna- og starfsmannafjöldi jókst. Stjórnendur hafa lagt sig alla fram við aðhald í fjármálum. Allur sá efniviður sem hægt var að nýta frá gamla Álfabergshúsinu var nýttur áður en hugað var að því að endurnýja.
- Áfram verður aðhald á öllum þáttum leikskólans.

Ferli

Starfsáætlun 2010

- **Öryggi skapað í kringum börnin.** SMT-skólafærni var liður í því að gera umhverfi og samskipti jákvæð og styðjandi. Hvert barn á rétt á að vita hvað ætlast er til af því og fá starfsmenn handleiðslu í jákvæðum og skýrum samskiptum. Allar reglur leikskólans eiga að vera sýnilegar börnum.
- **Starfsfólk metur og rýnir í starfshætti.** Starfsmenn eiga að vera meðvitaðir um innihald og markmið skólanámskrár og ljúka við endurskoðun hennar á vorönn.

Mat á árinu 2010

- Innleiðing á SMT var á starfsmannafundum og nokkrum sinnum í föstudagskaffitímum til að auka fjölbreyttina og gera innleiðinguna skemmtilega. Afar vel tókst að halda þessum þætti inni og voru börnin mjög meðvituð um allar reglur leikskólans. SMT fer á byrjunarstig á nýjum stað í Engidalsskóla. Börnin eru ung og því verður reglum fækkað verulega. Í nóvember 2010 er komin ein regla í gagnið, 2 nýjir starfsmenn hafa farið á fræðslufund á skólaskrifstofu, einn starfsmaður á grunnnámskeið, starfsmannafundur nýttur í að leggja inn verkfærið“ skýr skilaboð “ og allir starfsmenn hafa æft verkfærið á lifandi hátt.
- 2011: Hugmyndafræðin á meðal kennara verður áfram mikilvægur liður í allri vinnu með börnunum.
- Rýnt var í skólanámskrá á einum fundi á vorönn auk þess sem hún gekk á milli starfsmanna til skoðunar. Á haustönn hófst svo vinna á nýrri skólanámskrá á nýjum stað.
- 2011 – Vinna á nýrri skólanámskrá heldur áfram og verður a.m.k. notaður skipulagsdagurinn 14. mars í þá vinnu.

Ferli

Starfsáætlun 2010

- **Markmið leikskólans sýnileg og upplýsingastreymi gott.**
- **Samstarf við stofnanir bæjarins.**
Markmiðin voru eftirfarnandi:
- Börnin fá að fá að kynnast grunnskólaumhverfinu og unnið er náði með Lækjarskóla.
- Samstarf við tónlistaskóla bæjarins.
- Samstarf við Bjarkarhúsið um íþróttaiðkun barnanna.
- Heimsókn í alla þá grunnskóla sem börnin koma til með að sækja.

Mat á árinu 2010

- Markmið leikskólans voru skýr. Allir foreldrar voru upplýstir um markmiðin í upphafi á foreldrafundi og í foreldraviðtölum. Markmiðin komu einnig fram á heimasíðu leikskólans, í fréttabréfum og í skólanámskrá.
- Í Engidalsskóla breyttust markmið leikskólans og fór starfsmannahópurinn strax í að móta þá vinnu á haustönn 2010 á nýjum stað.
- 2011: Vinna við að gera markmið leikskólans skýr og sýnileg verður meginmarkmið næsta árs.
- Borðað var daglega í Lækjarskóla, auk tveggja heimsókna í skólann til að skoða hann og taka þátt í starfi fyrsta bekkjar. Það samstarf gekk vel.
- Börnin sóttu vikulega Tónlistaskóla Hafnarfjarðar og var það samstarf farsælt og margt nýtt lærdist á því í vinnu með börnum í gegnum tónlist.
- Þar sem ekki var salur í húsinu fengu börnin tækifæri til þess að stunda fjölbreytta hreyfingu í Bjarkarhúsinu og var það frábær viðbót.
- Öll börnin fóru heimsókn í sinn grunnskóla til að mynda kunnugleika og öryggiskennd og verður það áfram stefna leikskólans.

Ferli

Starfsáætlun 2010

- **Öflugt upplýsingaflæði til foreldra.**
Heimasíðan á að vera virk fyrir foreldra, vikulegar fréttir verða á forsíðunni, fréttir af lotum hálfsmánaðarlega og fréttabréf gefið út. Einnig verða markmið leikskólans gerð sýnileg fyrir alla. Foreldraviðtöl, kynningafundur, fréttabréf, morgunkaffi fyrir foreldra, foreldrakönnun, aðventukaffi og jákvæð samskipti eru hluti af starfsemi leikskólans.

Mat á árinu 2010

- Allir þessir þættir stóðust í starfi með fimm ára börnunum. Þegar flutt var í Engidalsskóla gerðust hlutirnir hratt og þrátt fyrir að heimasíðan væri mjög lifandi fyrir foreldra og mikið af myndum fer þar inn til að gera starfið sýnilegt má bæta þennan þátt. Feðrakaffi var fyrir jól en kynningafundur og meira upplýsingaflæði verður stærri hluti starfseminnar árið 2011. Þá má ætla að starfið verði farið í fastari skorður. Deildarfréttir hafa verið í góðum farvegi frá því að leikskólinn flutti en stefnt er að því að það verði einnig öflugra á komandi ári.

Mannauður

Starfsáætlun 2010

- Lögð verður áhersla á að sú símenntun sem starfsfólk velur sér, nýtist leikskólanum. Starfsmannahópurinn er samstilltur í því að velja símenntun sem hefur lítinn kostnað í för með sér þar sem fjármagn er af skorum skammti. Áhersla á að styrkja innviði leikskólans og dýpka þá þekkingu sem fyrir er m.a. með kynningum/fyrirlestrum fyrir starfsmannahópinn sem kennarar útbúa sjálfir út frá sínu áhugasviði. Einnig eru starfsmenn meðvitaðir um styrki sem þeir geta sótt í sitt stéttafélag ef áhugaverð símenntun býðst.

Mat á árinu 2010

- Starfsmenn hafa komið með fræðslu inn í leikskólann eins og um lífsleikni, stærðfræði, kenningar Howard Gardners o.fl.

Mannauður

Starfsáætlun 2010

- Starfsfólk fær svigrúm til að vinna sérstaklega útfrá áhugasviði sínu. Með þeim hætti er mannaúður hvers og eins nýttur.
- Starfsmannaviðtöl árlega.
- Mikilvægt er að hafa góðan starfsanda. Við virðum skoðanir hvers annars og stuðlum að jákvæðum samskiptum og sköpum heimilislegt andrúmsloft.
- Starfsmenn eru hvattir til að hafa áhrif á starfið og taka þátt í að móta það.

Mat á árin 2010

- Í starfi með fimm ára börnum var sá háttur hafður á að starfsmenn gátu valið áherslur út frá sínu áhugasviði. Þegar flutt var á nýjan stað hefur þetta ekki fest í sessi með fyrri hætti en sérstakar óskir starfsmanna í starfsmannaviðtölum eru ávallt hafðar í huga í mótun starfsins.
- Hver starfsmaður fékk tvö starfsmannaviðtöl vegna þeirra breytinga sem við göngum í gegnum. Ákveðið að halda þeirri stefnu áfram.
- Unnið var að því að byggja góðan starfsanda með því að stuðla að jákvæðum samskiptum og skapa notalegt umhverfi. Á nýjum stað var stofnuð skemmtinefnd starfsmanna og ánægjustundir sem ekki eru vinnutengdar festar í sessi. Hægt og rólega er skapað notalegt umhverfi í nýju húsnæði.
- Áfram eru starfsmenn hvattir og hafa tækifæri til að hafa áhrif á starf sitt, hugmyndafræði leikskólans og starfshætti. Þegar þessi þáttur er metinn er í kjölfarið tekin sú ákvörðun að virða það viðhorf að ekki eru allir jafn tilbúnir í slíka vinnu þó tækifærin séu til staðar.

**Verkefnalisti
leikskólans Álfabergs
skólaárið 2011**

